

efst í huga



Fólk er stimplað eins og hvert annað kjöt

Hvaða þættir skyldu vega þyngst þegar atvinnurekandi ræður í vinnu einhvern einstakling úr hópi umsækjenda? Jú, menn tala um menntun og starfsreynslu viðkomandi sem veigamikil atriði, einnig orðspor og framkomu. Þetta er sjálfsagt eðlilegt viðhorf en fleira virðist stundum ráða vali atvinnurekenda, svo sem aldur, kyn, útlit, ætt, pólitískar skoðanir og sjúkdómar.

Hvað er maðurinn að fara? kunna lesendur að hvá. Sennilega búast einhverjir við að maður noti þetta tækifæri til að gagnrýna jólaæðið í neyslupjóðfélaginu en ég hef ákveðið að leiða það hjá mér að þessu sinni. Ég vona bara að allir geti átt gleðileg jól, hver á sinn hátt eftir efnum og aðstæðum og viðhorfum til jólahátíðarinnar. Ég ætla hins vegar að fjalla um viðhorf í garð þeirra sem sækja um vinnu.

Í tímaritinu Geðhjálp, 2. tbl. 1990, sem kom út fyrir skömmu birtust niðurstöður úr könnun sem Hagvangur gerði fyrir tímaritið. Svohljóðandi spurning var lögð fyrir 771 Íslending: „Hefðu einhver af þessum einkennum áhrif á val þitt ef þú stæðir frammi fyrir því að þurfa að ráða mann í vinnu: Afengisvandamál, eyðni, geðræn vandamál, eða hjartasjúkdómur?“

Niðurstöðurnar eru þær að viðmælendur mismunuðu fólki mjög eftir sjúkdómum. Aðeins sjötti hver aðspurðra setti hjartasjúkdóm umsækjenda fyrir sig og u.þ.b. fjórði hver setti það fyrir sig að viðkomandi væri smitaður af eyðni. Á hinn bóginn voru meira en fjórir af hverjum tíu aðspurðra fráhverfir því að ráða mann með geðræn vandamál í

vinnu og meira en sjö af hverjum tíu treystu sér ekki til að ráða áfengissjúkling til starfa.

Viðmælendum var einnig gefinn kostur á svarinu „fer eftir ýmsu“ og þegar sá þáttur er tekinn með setja alls 40,1% fyrirvara við ráðningu hjartasjúklinga. Hlutfallið er 40,9% í garð eyðnismitaðra, 76,3% í garð fólks með geðræn vandamál og 86,1% í garð áfengissjúklinga. Atvinnumöguleikar tveggja síðastnefndu hópanna virðast því ekki mjög glæsilegir.

Þarna má e.t.v. sjá þverskurð af almenningsviðhorfinu alræmda. Flestir þekkja eitt hvað til hjartasjúkdóma og annarra líkamlegra kvilla og skapa sér enga fordóma í þeim efnum. Hins vegar hræðast þeir „hið óþekkta“ eins og geðsjúkdóma. Þá fara fordómarnir á stjá með þeim afleiðingum sem könnunin sýnir og áfengissjúklingar og fólk með geðræna kvilla verður að víkja fyrir þeim sem eru með „viðurkennda“ líkamlega sjúkdóma.

Í þessu sambandi er vert að benda á að viðhorf og athöfn fara oft ekki saman. Ef atvinnurekandi útilokar umsækjanda á þeim forsendum að viðkomandi hafi átt við geðræna erfiðleika að stríða er eins víst að hann skipti um skoðun þegar hann sér umsækjandann í eigin persónu. Þetta á ekki bara við um sjúkdóma. Við setjum líka stimpil á þá sem t.d. hafa afplánað fangelsisdóm, en þegar á hólminn er komið geta fordómarnir fokið út í buskann og þar eru þeir líka best geymdir.

Stefán Sæmundsson.